



**Djúpavogshreppur
Gauti Jóhannesson
Bakki 1
765 Djúpvogur**

Egilsstaðir 14. nóvember 2018

Efni: Framlög til starfsemi Ungmenna og íþróttasambands Austurlands, UÍA árið 2019.

Undanfarin ár hefur Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands leitað eftir fjárstuðningi, í formi íbúafamlags til sveitarfélaga í fjórðungnum. Slíkur styrkur er sambandinu bæði mikilvægur og nauðsynlegur til að tryggja rekstur þess og fjölbætta starfsemi og er sambandið sveitarfélögum á Austurlandi afar þakklátt fyrir framlag þeirra.

Hlutverk sambandsins, samkvæmt lögum þess, er að efla samhug og samvinnu íþrótt- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálstarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Enn fremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

Geta sambandsins til að sinna hlutverki sínu hefur eflst til muna og ber starfsemi UÍA á undanförunum árum því glöggt vitni. Sem dæmi um verkefni sem sambandið hefur staðið fyrir á þessu ári má nefna: Margskonar íþróttamót fyrir hina ýmsu aldurshópa voru haldin víðs vegar um fjórðunginn.

Sumarhátíð UÍA var á sínum stað þar sem félög á Austurlandi, auk gesta og gangandi reyna með sér í hinum ýmsu íþróttagreinum. Utandeildarkeppni í knattspyrnu sem nú ber nafnið Launafsbikarinn var haldin í sumar, auk sambærilegrar utandeildarkeppni í körfuknattleik sem að ber heitið Bólholtsbikarinn.

Meistaramót Íslands 11-14 ára í frjásum íþróttum fór fram helgina 24.-25. júní 2018 á Egilsstöðum. Þátttaka var framar vonum og mótið gekk mjög vel, mikil ánægja var meðal keppenda, aðstandenda og þjálfara með framkvæmd mótsins.

Eins og undanfarin ár stóð UÍA fyrir farandþjálfun síðastliðið sumar, var hún vel nýtt og tóku um 180 börn og unglingar víða á Austurlandi þátt.

UÍA sá um skipulagningu og framkvæmd Tour de Ormurinn, hjólreiðakeppni í kringum Lagarfljótið, meðþátttaka og almenn ánægja með keppnina.

UÍA hefur beitt sér fyrir þátttöku Austfirðinga á Meistaramótum Íslands í frjálsum íþróttum og náð þar góðum árangri.

UÍA hefur sent inn umsókn vegna Fire&ice 2019 ungmennaskiptaverkefni Erasmus, stefnt er á að ungmenni frá Írlandi muni heimsækja Austurland í maí og Austfirsk ungmenni fari til Írlands í ágúst.

Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Neskaupstað dagana 28. til 30. júní 2019 og er undirbúningur þegar hafinn.

Þess ber einnig að geta að UÍA á fulltrúa í ýmsum nefndum á vegum UMFÍ og ÍSÍ. Þátttaka fulltrúa okkar í landssamtökum er gríðarlega mikilvæg en hún gerir okkur kleift að hafa áhrif í íþrótt- og æskulýðsmálum á landsvísu svo og standa vörð um málefni okkar fjórðungs. Þá stendur UÍA fyrir útgáfu á Snæfelli sem kemur að vanda út skömmu fyrir jól.

Undanfarin ár hefur UÍA jafnt og þétt unnið að því að efla íþróttastarf og styrkja stoðir þess í fjórðungnum. Öll sveitarfélög njóta góðs af því og þær íþróttagreinar sem reiða sig á miðlæga starfsemi þess. Bæði er um að ræða hlutdeild í lottótekjum sem og stuðning við mótahald og æfingar. Þá hefur verið reynt að hjálpa upp á félagsstarf og efla félögin í samvinnu og samstarfi. Það er sannanlegur árangur af starfinu og í samfélaginu er skilningur á mikilvægi samnefnara félaganna bæði innávið sem og útávið.

Árið 2009 var leitað til Sambands sveitarfélaga Austurlandi um fjárstuðning og vísaði sambandið beiðni til sveitarfélaga með áskorun um að hvert sveitarfélag styrkti UÍA um 200 kr. á hvern íbúa. Tóku sveitarfélög vel í að reiða fram slíka styrki og hafa þeir verið á því formi síðan.

Þess er nú farið á leit við sveitarfélög á Austurlandi að þau styrki starf UÍA á árinu 2019 með samsvarandi hætti og taki þátt í því mikilvæga uppbyggingarstarfi sem fer fram á vegum sambandsins. Það er mikilvægt að eiga öfluga bakhjarla eins og sveitarfélögin þegar kemur að íþróttamálum en þau eru sameiginlegt samfélagsmál á fjórðungsvísu og íþróttastarf nýtur óumdeilanlega ágóða af öflugu starfi UÍA.

Með vinsemd og virðingu
f.h. UÍA

Gunnar Gunnarsson
framkvæmdastjóri